




KJÓS



Seltjarnarnesbaer  
Lúðvík Hjalti Jónsson  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes



16. nóvember 2005

### Athugasemdir við Aðalskipulag Seltjarnarness 2006-2024

Með bréfi dagsettu 18. október 2005 var óskað eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um drög að aðalskipulagi fyrir Seltjarnarness og var gefinn frestur til 10. október 2005. Undirritaður sótti um lengri og var munnlega veittur lengri frestur til 18. nóvember 2005. Athugasemdir eftirlitsins eru eftirfarandi.

Almennt er jákvætt er að vinna við Staðardagskrá 21 er að skila sér að stórum hluta inn í aðalskipulagið. Mikil áhersla er á sjálfbært samfélög en í mörgum tilvikum mætti skýra betur hvernig aðalskipulag styður sjálfbært samfélög. Umhverfismatið er afar huglægt og ekki alltaf hægt að sjá að innistæða sé fyrir einkunnargjöf fyrir umhverfisþætti enda mörg umhverfisviðmið sem standa á bak við hvern þátt. Ef hvert og eitt umhverfisviðmið í kafla 9.8 er skoðað til hlítar er ekki alltaf sem hægt er að finna stoð í aðalskipulagstextanum fyrir þeim. Þ.e. að aðalskipulag styður ekki alltaf umhverfisviðmiðin þótt það komi ekki fram í einkunnargjöf, þetta þarf að yfirfara betur. Tímasett og mælanleg umhverfisviðmið mættu vera meira áberandi.

#### 3.1 Forsendur og ágrip.

Fram kemur að fjörur og strandsvæði eru meðal helstu útvistarvæða, engu að síður eru göngustígar meðfram fjörunni ekki skilgreindir sem útvistarstígar heldur aðalstígar. Sama er að segja um fjöruna að hún er skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota. Það er umhugsunarvert hvort ekki sé nærri sanni að tilgreina að fjörur séu útvistarvæði svo svæðið fái athygli sem slíkt.

#### 3.5 Verndarsvæði vegna strandmengunar.


Í skilgreiningu skv. skipulagsreglugerð er skilgreining þar sem mengunarvarnareglugerð er nefnd en hún er löngu fallin úr gildi. Í næstu málsgrein kemur fram að strandlengja bæjarins skuli vera í A flokki fyrir verndarsvæði vegna strandmengunar. Líklegast er að verið sé að vísa til reglugerðar um varnir gegn mengunar vatns nr. 796/1999, 8. gr. þar sem fram kemur að heilbrigðisnefndir skulu flokka vatn, þ.m.t. strandsjó, og miða flokka við A og B. Þessi flokkun á að koma fram á skipulagsuppdráttum svæðis og aðalskipulags. Síðan að sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

miðað að því að viðhalda gæðum vatns. Heilbrigðisnefnd hefur ekki flokkað strandlengju Seltjarnarness en sú flokkun þarf að byggja á rannsókn á strandlengjunni. Það liggur fyrir rannsókn á gerlamengun við strandlengjuna með skýrslu frá október 2005 og hugsanlega væri unnt að flokka strandlengjuna með tilliti til gerla á grundvelli þeirra upplýsinga. Vissulega væri síðan æskilegt að stefnt yrði að A flokki en hvort hægt er að ákveða flokkun í aðalskipulag beint er ekki víst.

Í uppdrætti af fráveitu er rétt að sýna jafnframt yfirfallsútrásir.

Virðingarfallst

  
Þorsteinn Þorsteinsson  
framkvæmdastjóri.

STARFSSVÆÐI: KJÓSARHREPPUR • MOSFELLSBÆR • SELTJARNARNES

ADSETUR: Þverholt 2, 270 Mosfellsbær • SÍMI: 525 6795 • MYNDSENDIR: 525 6799 • KENNITALA: 460290-2529

HEIMASÍÐA: [www.eftirlit.is](http://www.eftirlit.is) • NETFÖNG: [thm@mos.is](mailto:thm@mos.is) og [ad@mos.is](mailto:ad@mos.is)